

- 175 Nemendur mega aldrei ölvaðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis.
27. sept. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjótí nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna, og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlegu úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti þess í hóbýlum skólans eða vanræki störf sakir vinneyzlu, ber skólastjóra að gera ráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi.

Nú gerist nemandi á annan hátt brotlegur við reglugerð skólanna eða starfsreglur. Skulu kennarar þá vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjórn vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls, enda hafi forráðamanni hans, ef til næst, verið gert aðvart um brotið. Þó getur brot nemanda verið þannig vaxið, að skólastjóri megi vísa honum burt tafar- og skilyrðislaust.

XI. KAFLI

Um gildistöku þessarar reglugerðar.

74. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, öðlast þegar gildi.

Þó skulu ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstílhögun gilda um þá nemendur, er lokið hafa ársprófi 1. bekkjar lærdómsdeildar Menntaskólans í Reykjavík eða gagnfræðaprófi við Menntaskólann á Akureyri.

Að öðru leyti en segir í 2. málsgrein er hér með úr gildi numin reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3 8. febr. 1937.

Þetta er hér með birt til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 27. september 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

176

27. sept.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 36 16. marz 1951.

V. kaflí gjaldskrárinnar orðist svo:

V. Heimild til breytinga.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. september 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.